

FRÆÐSLA & RÁÐGJÖF

Almenni lífeyrissjóðurinn • október 2015

Ábót á viðbót getur verið góð búbót

- Geta launþegar lagt meira í lífeyrissparnað en 4% af launum?
- Hvaða reglur gilda um heimildir launagreiðenda til að auka lífeyrissparnað?

Viðbótarlífeyrissparnaður er góður sparnaðarkostur fyrir einstaklinga.

- Ef einstaklingar gera samning um viðbótarlífeyrissparnað og leggja fyrir 2% af launum fá þeir 2% mótframlag frá launagreiðanda og auka þannig sparnaðinn um 100%. Það er tilboð sem enginn ætti að missa af.
- Enginn fjármagnstekjuskattur er greiddur af vaxtatekjum viðbótarlífeyrissparnaðar sem þýðir að í samanburði við annan sparnað vex lífeyrissparnaður meira ef ávöxtun er sú sama. Sem dæmi má nefna að eftir 10 ára sparnaðartíma er lífeyrissparnaður 5%–6% hærrí en annar sparnaður vegna þessa og eftir 20 ár munar 10%–12% á inneign lífeyrissparnaði í vil.
- Lífeyrisiðgjöld eru skattfrjáls. Áður en skattur er dreginn frá launum eru iðgjöldin greidd óskattlögð í lífeyrissjóð eða í viðbótarlífeyrissparnað

en útborganir eru hins vegar skattlagðar eins og launatekjur. Í raun er tekjuskattinum frestað þar til inneignin er tekin út en í sumum tilvikum lækkar tekjuskattur einnig. Það gerist ef einstaklingur á ónýttan persónuafslátt þegar inneignin er tekin út eða ef einstaklingur er í lægra skattþrepi við útborgun en þegar iðgjaldið var lagt fyrir.

- Lífeyrissparnaður er lögvarinn sem þýðir að ekki hægt að ganga að honum við gjaldþrot. Í því felst mikið öryggi fyrir einstaklinga ef þeir af einhverjum ástæðum lenda í fjárhagserfiðleikum.

Tilgangurinn með viðbótarlífeyrissparnaði er að byggja upp sjóð til að bæta við eftirlaunin eftir að einstaklingar láta af störfum. Flestir sem hætta að vinna verða fyrir kjaraskerðingu því lífeyrisgreiðslur almannatrygginga og lífeyrissjóða eru venju-

lega talsvert lægri en lokalaun. Hjá þeim sem hafa greitt í lífeyrissjóð alla starfsævina 10% til 12% af heildarlaunum eru lífeyrisgreiðslur oftast á bilinu 30% til 50% af lokalaunum. Hafi einstaklingar greitt skemur í lífeyrissjóð en 40 ár eða greitt lægra hlutfall af heildarlaunum verður hlutfall lífeyrisgreiðslna af lokalaunum lægra. Í þessu sambandi má rifja upp að árið 2015 eru 25 ár frá því að flest launafólk hóf að greiða iðgjöld af öllum launum í lífeyrissjóð, áður voru iðgjöld greidd af föstum launum en ekki yfirvinnu. Margir sem fara á eftirlaun á næstu árum eiga því tiltölulega lágan lífeyrisrétt.

Lífeyrissparnaður er besta leiðin til að bæta við eftirlaunin. Sú spurning vaknar því hvort einstaklingar geta sparað meira en samkvæmt hefðbundnum samningum um viðbótarlífeyrissparnað. Í skattalögum gilda

eftirfarandi heimildir um iðgjöld launþega og launagreiðanda til lífeyrissparnaðar.


- Launþegar mega að hámarki draga 4% af launum í lágmarksiðgjald og önnur 4% í viðbótariðgjald, samtals 8% af launum. Lágmarksiðgjald er greitt í lífeyrissjóð sem er skylda samkvæmt lögum. Viðbótariðgjald greiðist til viðbótarlífeyrissparnaðar.
- Launagreiðendur mega hæst greiða 12% af launum plús tvær milljónir króna á ári fyrir hvern launþega í lífeyrissjóð og/eða í viðbótarlífeyrissparnað. Iðgjald launagreiðenda getur þó verið hærra hafi verið samið um iðgjaldið í kjarasamningum eða það er bundið í lögum. Ef iðgjald launagreiðanda fer umfram þessi mörk telst það til tekna hjá launþega og skattlagt sem slíkt.

Það borgar sig ekki fyrir launþega að greiða iðgjald til lífeyrissparnaðar umfram heimild í skattalögum sem er 8% af launum. Ef það er gert verður sparnaðurinn greiddur skattlagður í lífeyrissjóð eða til viðbótarlífeyrissparnaðar og aftur skattlagður við útborgun.

Launagreiðendur hafa hins vegar yfirleitt svigrúm til að hækka mótframlag til lífeyrissparnaðar. Almennt greiða launagreiðendur mótframlag sem nemur 8% af launum í lífeyrissjóð og 2% af launum sem mótframlag í viðbótarlífeyrissparnað, samtals 10% af launum. Þannig geta flestir launagreiðendur greitt 2% af launum til viðbótar til lífeyrissparnaðar og 2 milljónir.

Það getur verið áhugaverður kostur fyrir þá sem eru í þeirri stöðu að vilja eða þurfa bæta við eftirlaunin að semja við launagreiðendur um að hækka mótframlag til lífeyrissparnaðar. Þannig mætti til dæmis hugsa sér að í staðinn fyrir hefðbundna launahækkun yrði samið um hærra mótframlag til lífeyrissparnaðar. Með því móti fengi launþegi hærri greiðslur til lífeyrissparnaðar og nyti góðs af hagstæðum skattareglum sem gilda um sparnaðinn. Þessi leið getur einnig verið hagstæð fyrir þá sem greiða tekjuskatt í hæsta skattþrepi en sjá fram á að eftirlaun verði í lægra skattþrepi. Með því að greiða launahækkun til lífeyrissparnaðar í stað þess að fá hana greidda út strax er mögulegt að tekjuskattur lækki.

Heimildir launagreiðanda til að greiða í lífeyrissjóð og lífeyrissparnað



Iðgjald launagreiðanda í lífeyrissjóð og til viðbótarlífeyrissparnaðar telst ekki til tekna hjá launþegum ef iðgjaldið er samtals innan við 12% af launum plús tvær milljónir króna á ári fyrir hvern launþega sbr. 28. greinar laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

Myndin sýnir frádráttarbært iðgjald fyrir mánaðarlaun á bilinu 300.000 til 2.500.000 krónur Sjá má að launagreiðendur geta greitt mótframlag á bilinu 19%–68% af launum án þess að það teljist til tekna hjá launþegum.

Mynd úr fræðslugreininni „Ekki láta slá þig af laginu“ sem birtist á fræðsluvef Almenna í desember 2011.

Einstaklingar þurfa að eiga dágóðan eftirlaunasparnað ef þeir vilja fá góð eftirlaun. Til þess að fá 100 þúsund krónur á mánuði í 20 ár þarf að eiga 18,1 milljón ef reiknað er með 3% ávöxtun á ári. Sá sem vill fá 200 þúsund þarf þá að

eiga 36,2 milljónir, sá sem vill 300 þúsund krónur þarf að eiga 54,3 milljónir o.s.frv. Þeir sem eiga lítil réttindi og tiltölulega fá ár eftir á vinnumarkaði þurfa að nýta öll tækifæri sem bjóðast til að auka eftirlaunasparnaðinn. Þeir

sem geta samið við launagreiðanda um hærri iðgjöld til lífeyrissparnaðar og mega við því ættu að skoða vandlega að grípa þetta tækifæri.

Hvernig getur Almenni aðstoðað þig?

- Ráðgjafar Almenna lífeyrissjóðsins eru tilbúnir að aðstoða þig og veita góð ráð. Þú getur pantað viðtal [hér](#).
- Á sjóðfélagavef Almenna lífeyrissjóðsins getur þú fylgst með inneign í séreignarsjóði og réttindum í samtryggingarsjóði.
- Á heimasíðu okkar er reiknivél til að reikna, miðað við mismunandi forsendur, hver inneign viðbótarlífeyrissparnaðar verður í starfslok. Einnig mánaðarlegar tekjur miðað við útborgunartíma sem þú velur.

Almenni lífeyrissjóðurinn • Borgartúni 25 • 105 Reykjavík
Sími 510 2500 • www.almenni.is • almenni@almenni.is



Fræðslugreinar Almenna lífeyrissjóðsins eru skrifaðar með hliðsjón af upplýsingum sem liggja fyrir á hverjum tíma. Sjóðurinn og starfsmenn hans bera ekki ábyrgð á ákvörðunum sem eru teknar á grundvelli efnis og upplýsinga sem birtast í greinunum. Lesendum er ráðlagt að kynna sér málin vel og fá ráðgjöf og upplýsingar frá fleiri en einum aðila áður en ákvarðanir eru teknar.